

Nafn á nýjum hafnarbakka utan Klepps í Sundahöfn

Á undanförunum árum hefur bygging á nýjum hafnarbakka utan Klepps verið helsta nýbyggingarframkvæmd Faxaflóahafna sf. Bygging bakkans hefur staðið yfir frá árinu 2013 og reiknað er með að framkvæmdum ljúki síðari hluta árs 2019 og þá hefst nýting hans. Þessum nýja hafnarbakka er ætlað að verða megin vöru- og gámaflutningabakki fyrir farmstöð Eimskip í Vatnagörðum og taka við hlutverki Kleppsbakka með stækkandi skipum í gámaflutningum. Hafnarbakkinn er 70 m lenging á núverandi Kleppsbakka og 400 m nýr hafnarbakki utan lands við Klepp. Á byggingartíma bakkans hafa verið notaðar ýmsar bráðabirgða nafngiftir en þegar að afnot af bakkanum hefjast og fyrstu skip leggjast að viðlegum bakka þarf að ákveða nafn hans samhliða því að viðlegur fá sitt númer til skilgreingar á því hvar skipum er lagt og þau skráð.

Bakkinn er lengin á núverandi Kleppsbakka og bætir við þann hafnarbakka einni viðlegu fyrir skip. Bakkinn er síðan nýr 400m hafnarbakki utan Klepps sem er tvær nýja viðlegur fyrir stærri skipa. Nafn á nýja bakkanum þarf að hafa landfræðilegar og sögulegar tengingar við svæðið. Hafnarbakkinn verður megin hafnarbakki farmstöðvar Eimskip í Vatnagörðum og þó að heimilisföng séu fyrst og fremst tengd götunöfnum og húsanúmerum þá yrði nafnið á þessum bakka á vissan hátt einkennandi fyrir Farmstöð Eimskip í Vatnagörðum.

Hér á eftir eru ýmis nöfn nefnd, flest þeirra tengd örnefnum á svæðinu og frá Viðey. Nöfnin eru misþjál og sum þeirra henta ekki. Nöfnum er skipt í tvo flokka. Fyrir flokkurinn eru nöfn úr Sundahöfn og Viðeyjarsundi en síðari flokkurinn tengdur nöfnum úr Viðey.

Nokkur nöfn á hafnarbakkanum, sem til greina koma:

Sundabakki, Kleppsbakki, Viðeyjarsundsbakki, Vatnagarðabakki, Kleppsskaftsbakki, Sundahafnarbakki, Hrafnsklettabakki, Laugarholtsbakki, Kleppsvíkurbakki, Kleppsmýrabakki, Kleppsborgarbakki.

Þórsnesbakki, Viðeyjarbakki, Sundbakki, Eyjarbakki, Austureyjarbakki, Heimeyjarbakki, Kríusandsbakki.

Síðar meir yrði þessi hafnarbakki lengdur í áföngum og tengdur Vogabakka og þá ákvörðun hvar bakkanafnið endar og hvar Vogabakka nafnið tekur við.

Það nafn sem líklega hæfir þessum hafnarbakka best er Sundabakki. Nafnið á bakkanum kemur úr Vatnagörðum, hefur skýra skírskotun til Viðeyjarsunds, Sundahafnar og farmstöðvar Eimskip.

Núverandi hafnarbakki í Vatnagörðum sem hefur nafnið Sundabakki leggst af þegar að farið verður að fylla í Vatnagarða og er næsti megin hafnargerðaráfangi í þróun Sundahafnar. Á meðan að bakkinn er notaður næstu ár fengi hann nýtt nafn, Vatnagarðabakki.

Reykjavík 2. maí 2019,
Jón Þorvaldsson, aðstoðarhafnarstjóri



Bygging á nýjum hafnarbakka utan Klepps. Myndin sýnir norðurenda á nýjum hafnarbakka utan Klepps og lengingu núverandi Kleppsbakka.